

Klár samstaða var um að treysta áfram ferlinu og að engin þörf væri á að hafa vit fyrir hópmeðlimum. Góður andi er í hópunum, enginn verulegur klofningur um málefnaafstöðu og mikið af efni til að vinna úr.

Gunnar Smári lagði fram þá tillögu að í ljósi velgengni málefnastarfsins mætti stofna 2-4 nýja málefnaþópa, um ný málefni. Þeir hópar gætu starfað á meðan Sósíalistáþingið stendur yfir. Almenn var vel tekið í þá hugmynd og umræður spunnust um hvaða málefni þyrfti að taka fyrir. Nefnd voru verkalýðsmál/verkalýðshreyfingin, jafnrétti (með hliðsjón af kyni, stétt, fötlun, aldri, innflytjendastöðu o.s.frv.), menntamál (t.d. aðengi að mentun, einkavæðing í skólakerfinu og í endurmenntun), borgaralaun og umhverfismál.

Talið var að framkvæmd málefnastarfs yrði mögulega auðveldari nú en í ágúst þegar sumarfrí voru enn í gangi. Einnig væri hægt að gera ýmsar betrubætur á starfinu, t.d. hafa skýrari undirflokkka í einstökum málefnum.

Samþykkt var að stjórnarmenn sem áhuga hafa á frekari vinnu við að móta drög að þessu starfi hittast klukkan 16:15 á Loft Hostel í Bankastræti á föstudag.

3 · Áróður, umræða, fundir

Viðar sagði frá þróun mála með Fund fólksins. Lendingin varðandi pláss okkar í dagskránni á laugardagsmorgun er að Guðmundur Ævar Oddsson félagsfræðingur mun halda þar erindi um stéttaskiptingu. Laufey tekur að sér fundarstjórn, en hún og Ásta Dís munu að öðru leyti annast framkvæmt í félagi við félagsmenn norðan heiða eftir því sem tekst að virkja þá. Viðar mun sjá um að gera Facebook-viðburð og tilkynningu um fundinn.

Ásta Dís og Katrín áttu í dag hádegisfund með Elleni Calmon forseta Öryrkjabandalagsins þar sem aðal umræðuefnið var starfsgetumat. Fram kom að málið er mjög áriðandi, og ástæða til að Sósíalistaflokkurinn efni til umræðu í samfélaginu um það eins og áður hefur verið rætt. Ástu Dís var falið að kanna hvort hægt væri að fá afnot af sal Sjálfsbjargar fyrir fund á næstu vikum.

4 · Önnur mál

Rætt var áfram um Sósíalistáþingið og þau vatnaskil sem það mun marka í starfi flokksins. Rætt var almennt um hvernig flokkurinn geti sem best stuðlað að uppbyggingu sósíalískrar hreyfingar á Íslandi.

Farið var yfir stöðu fjármála en nú er kominn tími til að herða á fjársöfnun eftir því sem hægt er, jafnvel þótt engin meiriháttar útgjöld séu fyrirsjáanle. Viðar tekur að sér að gera uppkast að bréfi til

félagsmanna sem ekki hafa greitt félagsgjald og þeir hvattir til að gera það. Einnig rætt um þann möguleika að nota Karolina Fund.

Fundi var slitið um klukkan 22:00